

Álitsgerð prestsetraneftdar 1965.

A prestastefnu Íslands 1960 voru til umræðu búskaparmál stéttarinnar. Voru um það efni æði skiptar skoðanir eins og oft áður. Að lokum var svofelld ályktun gerð: "Prestastefnan 1960 felur biskupi að hlutast til um, að kirkjumálaráðherra skipi í samráði við hann nefnd til þess, í samvinnu við héraðs-prófastana, að rannsaka: a. ástand prestsetranna og þróun s. 1. mannsaldur, b. hver áhrif prestetrin hafa á efnahag presta, c. hver áhrif núverandi aðbúð hefur á starfsemi þeirra, og á grundvelli þeirra rannsókna að gera tillögur um framtíðarskipun prestsetranna þannig, að þau styrki aðstöðu prests í starfi, en íþyngi þeim ekki".

Með skírskotun til framangreindrar ályktunar skrifaði biskupinn, herra Sigurbjörn Einarsson, kirkjumálaráðherra m. a. á þessa leið 21. febr. 1961. "Með skírskotun til þeirra viðræðna, sem ég hef átt við yður, hæstvirti kirkjumálaráðherra, um þetta mál, vil ég hér með leyfa mér að fara þess á leit við yður, að þér skipið nefnd til þeirrar rannsóknar og til-lagna, sem óskað er eftir í samp. prestastefnunnar. Verði nefndinni falið að kynna sér rækilega ásigkomulag prestsetra til sveita, hvernig haldizt hefur í horfi um ræktun og aðrar framkvæmdir á þeim undanfarin ár, miðað við almenna þróun landbúnaðar hérlendis, hver aðstaða sóknarpresta hefur verið og er til að reka búskap og hvaða áhrif það hefur á hag þeirra og starfsaðstöðu, að þeir beri ábyrgð á ábýli. Skal nefndin leitast við að ganga úr skugga um, hvort og að hvaða leyti breyttar þjóðfélagsástæður geri breytingar á núverandi fyrirkomulagi tímabærar eða nauðsynlegar í einstökum prestaköllum eða almennt. Áliti og tilhögun skal nefndin skila til kirkju-stjórnarinnar innan 2ja ára".

Kirkjumálaráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, skipaði því næst nefndina með bréfi dags. 21. júní 1961 og skyldu þessir menn taka sæti í henni: síra Sveinbjörn Högnason, prófastur á Breiðabólstað, síra Sigurður Stefánsson, vígslu-

biskup á Möðruvöllum, Sigmundur Sigurðsson, oddviti í Syðra-Langholti og Þorvaldur T. Jónsson, oddviti í Hjarðarholti og Gústav A. Jónasson, ráðuneytisstjóri, sem yrði formaður nefndarinnar. Gústav A. Jónasson lézt skömmu eftir nefndarskipunina og dróst því að nefndin kæmi saman.

Hinn 7. marz 1962 var eftirmaður Gústavs, Baldur Möller, skipaður í hans stað og tók hann sæti formanns. Baldur Möller ráðuneytisstjóri kallaði síðan nefndina saman 11. maí 1962 og var þá ritari hennar kosinn síra Sigurður Stefánsson. Nefndin féllst á, að nauðsynlegt væri að athuga gaumgæfilega ástand prestsetranna hvers um sig og hafa tal af viðkomandi prestum í því skyni.

Ferðaðist nefndin síðan um milli prestsetranna á tveim sumrum, 1962 og 1963, og varð niðurstaða þeirra athugana sem hér segir:

Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir á Langanessströnd.

Búskapur með myndarbrag og ræktun mikil. Útihúsa-byggingar allgóðar, einkum nýreist fjárhús, mikið mannvirki. Ibúðarhús mjög úr sér gengið. Nefndin lítur svo á, að hér ætti að byggja vandað prestseturshús með aðstöðu til skólahalda, en flutningur prestsetursins komi ekki til greina, þó að nokkurt þéttbýli sé á einum stað í sókninni. Væri æsksilegt að skapa skilyrði fyrir bónda, sem byggi í samvinnu við prest, en hann býr nú einn á jörðinni.

2. Hof í Vopnafirði.

Prestur rekur ekki búskap en leigir jörðina bónda, sem býr í kjallara íbúðarhússins, sem er alltof lítið fyrir tvær fjölskyldur. Nýleg 200 kinda hús eru á jörðinni, en aðrar útihúsabyggingar ekki teljandi. Búskaparskilyrði virðast góð, en ræktun ekki mikil. Veiðihlunnindi arðvænleg.

Prestsetrið Hof er tvímælalaust mjög illa sett í kallinu, en staðurinn friður og búsældarlegur. Til tals hefur komið að flytja prestsetrið niður í Vopnafjarðarkaupþún, og væri það að vísu hagkvæm lausn, en í kaupþúninu eru nú um 620 íbúar, en 160 í sveitinni. Ef til flutnings prestsetursins kæmi, telur nefndin sjálfsagt, að Vopnafjarðarprestur eigi ítak í veiðihlunnindin á Hofi.

3. Kirkjubær í Hróarstungu.

Staðurinn hefur verið að heita má í eyði síðan 1956, er seinasti prestur hvarf þaðan. Fólk hefur þó haldizt þar að nafninu til, aðallega vegna símstöðvarinnar. - Öll staðarhús vantar. Úтиhúsakofar úr torfi standa þó enn í túninu, en fjós og hlöðubora áfast íbúðarkúsi, allt gersamlega ónothæfar byggingar. Sjálfst prestseturshúsið er stór timburhjallur frá um 1918-1920, illa við haldinn nú og kaldur, og alls eigi mannabústaður lengur. En kirkjan á staðnum er óvenju reisulegt og fagurt hús. Í prestakallinu, sem er 5 sóknir, viðlendassta brauð á landinu, eru um 600 manns, þar af 200 í Kirkjubæjarsókn. Hvergi er um þéttbýlismyndun að ræða í kallinu og virðist prestsetrið bezt sett þar sem það er, enda má helzt búast við þorpsmyndun þar, er Lagarfoss verður virkjaður. Eins og vænta má er túnauki enginn í Kirkjubæ nú um allmögum ár, en heimaland jarðarinnar er afar mikið og vel fallið til ræktunar. En sumarbeitilönd sauðfjár vantar og er nauðsynlegt, að Kirkjubæjarprestsetur fái frjálsan upprekstur í landi hins aflagða prestseturs í Hofteigi á Jökuldal, enda er staðurinn þar nú í eyði og hálfri jörðinni ekki ráðstafað. - Rekaitak á Kirkjubær á Húseyjarfjörum og þarf að varðveita það, að ekki takist af meðan staðurinn er prestlaus, en nauðsyn er á trjávið til að gírða allt land prestsetursins vegna mikils ágangs. - Um þá hugmynd að flytja prestsetrið frá Kirkjubæ að Stóra-Bakka er það að segja, að framtíð nýbýlaborps þar er ekki glæsileg. Barnaskóli Tunguhrepps er þar, en í mjög lélegu húsi, og ætti hann fremur að flytjast að Kirkjubæjarprestsetri en prestsetrið þangað, enda liggar Stóri-Bakki á engan hátt betur við umferð og samgöngum. Kirkjubær er að öllu leyti miðstöð sveitarinnar.

4. Desjarmýri í Borgarfirði.

Synir fráfarandi prests búa hér stórbúi og hafa fengið óðalsréttindi á hálfu prestsetrinu. Virðist lítið rúm fyrir prest, en kirkjan flutt fyrir mörgum árum af staðnum og niður í Bakkagerðisþorp, þar sem núverandi prestur situr. Í kauptúninu býr meiri hluti íbúa prestakallsins og er þar skólinn. Er það næstum einróma ósk

safnaðarins, að prestsetrið verði flutt í þorpið, enda þótt óþarft virðist samt að sleppa með öllu tilkalli til prestsetursins á Desjarmýri, ef síðar þætti betra, að presturinn sæti þar af nýju. Prestseturshúsið er reist 1947-48, steinsteypt, hæð og kjallari, 120 m^2 að stærð. Virtist húsið í ágætu lagi og prýðilega um gengið. - Útihús eru gömul, fjárhús fyrir 300 úr torfi með járnþaki, fjós fyrir 4 gripi, nýrra, úr steini. Ræktun mikil og sýnast búskaparskilyrði hagkvæm.

5. Valþjófsstaður í Fljótsdal.

Prestseturshúsið, sem reist er 1947, er mjög illa staðsett, langt frá gamla bæjarstæðinu og kirkjunni. Heima á staðnum situr bóndi, sem býr á $1/3$ jarðarinnar og hefur þeim hluta verið skipt úr. Núverandi prestseturhús er lítið og alveg útilokað fyrir tvær fjölskyldur, vilji prestur byggja jörðina. Útihús eru ófullnægjandi, ræktun lítil en auðveld á viðáttumiklum og sléttum grundum allt umhverfis. Félagsheimili sveitarinnar er hið næsta preststrinu. - Valþjófsstaðarprestakall er mjög fámennt og útsókn að Ási í Fellum, sem nú er í eyði.

Að Hallormsstað er nú í byggingu heimavistarbarndaskóli fyrir Upp-Hérað. Virðist endurreisen prestsetursins þar æskileg og hagkvæm, en þá kæmi til breytinga á prestakallaskipuninni, og yrði Valþjófsstaðarprestsetrið flutt þangað.

Suður-Múlaprófastsdæmi.

1. Vallanes á Völlum.

Pegar hafinn undirbúningur að flutningi prestsetursins niður að Egilsstöðum, en þar er að rísa talsvert þorp, og er þegar orðin sérstök sókn, enda þótt kirkju vanti enn. Ibúafjöldi prestakallsins 600, þar af liðl. 300 á Egilsstöðum. Ef til breytinga kæmi á prestakallaskipuninni, færri bezt á að Ás í Fellum yrði útsókn frá Egilsstöðum, en Hallormsstaðarprestur þjónaði Valþjófsstað, Vallanesi og Dingmúla í Skriðdal.

Aðbúðin í Vallanesi er ekki góð fyrir stóra fjölskyldu, vegna þess hve prestshúsið er furðulega lítið, aðeins um 80 m^2 á einni hæð með kjallara. Er húsið reist 1937 og

ekki vönduð bygging. Útihús eru sæmileg, fjós fyrir 8 gripi, stór fjárhús, nýleg. Úr prestsetursjörðinni hefur verið margskipt, en samt má vafalaust enn hafa þar allstórt bú. Nokkuð er þó aðklemmt heima á staðnum.

2. Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði.

Núverandi prestur nýtir jörðina eftir föngum, en ræktun er mjög lítil, 3.8 ha, og tún illa sléttan, mest gamlar þaksléttur, en hins vegar er túnskækillinn grasgefinn og nýlega girtur. Þá hefur presturinn látið ræsa fram allmikið land, en þurrkun mistekizt að ýmsu leyti. Áhöfnin er 2 kýr og 80 kindur. - Íbúðarhúsið er nýtt, fullgert haustið 1960, eitt hið allra glæsilegasta prestshús, stórt og mjög vandað. Það er 190 m^2 á einu gólf. - Fjárhús og hlaða eru einnig ný, mikil hús, í braggastíl, fyrir um 160 fjár og 400 hestburði heys, súgburrkun. Fjósið er hins vegar ónýtt og illa staðsett. Gamla íbúðarhúsið stendur ennþá, en óhæft vegna kulda og vatnsaga, og er það ekki til annars en niðurrips. Hlunnindi eru mikil á staðnum þar sem eru 25-30 kg æðardúns í meðalári. Skammt er til fiskjar ef um slikt væri að ræða. - Eins og nú hefur verið um búið fer vel um prest á Kolfreyjustað, en ekki fer hjá því, að þessar brýnu framkvæmdir hefðu betur átt við á nýju prestsetri í Búðakauptúni, en þar í sókn búa nær 700 af um 850 íbúum kallsins. En með hinum miklu framkv. hér eru tekin af öll tvímæli um flutning prestsetursins fyrst um sinn. En kæmi til sliks flutnings þyrftu a. m. k. hálf hlunnindi Kolfreyjustaðar að fylgja Búðaprestsetri.

3. Eydalir í Breiðdal.

Enda þótt mikil og gott land, 60 ha, hafi verið tekið undan jörðinni fyrir nokkrum árum og lagt til Fells og nýbýlis þar, og 35 ha síðar til hreppsins, eru Eydalir enn mikil jörð, enda lengi taldir eitt hið mesta vildarbrauð vegna búgæða og stakra hlunninda. En ekki verður sú jörð vel nýtt nema með ærnum mannafla. Nú er þar einyrkjabúskapur, og landsnytjar eftir því. Áhöfnin er aðeins 1 kýr og kálfur, 2 hross og 150 fjár.

Prestshúsið er reist 1950-51 og er 120 m^2 , steinsteypt, íbúð á einni hæð, en kjallari undir. Húsið er með afbrigðum kalt og hefur árseyðsla olíu komið upn í 17000 l. -

Peningshús eru sæmileg, öll undir einu þaki, járngrind klædd á steyptum grunni. Taka þau um 240 fjár og 4 gripi, en hlöðurúm er fyrir 7-800 hesta. - Hlunnindi eru 10-12 kg dúns og selveiði. Ágangur á jörðina er mikill og þyrfti langar girðingar til varnar. Íbúar prestakallsins eru um 500, þar af 200 í útsókninni á Kirkjubóli í Stöðvarfirði. Um tilfærslu prestsetursins til Stöðvarfj. getur varla verið að ræða, enda sýnast Eydalir kjörið aðsetur prests fyrir þessar sóknir. En þar sem dugandi bónda eða bústjóra þyrfti til að nytja þessa miklu jörð ásamt með presti þarf annað íbúðarhús á staðinn. Ræktunarmöguleikar miklir, en túnauki ekki umtalsverður nú. Þessi prestsetursjörð er svo gagnsöm, að presti hlýtur að vera ávinningur af að sitja hana.

Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

1. Bjarnarnes í Nesjum.

Prestur býr ekki, en leigir jörðina fyrir 3000 l mjólkur árlega. - Útihús eru illa staðsett, gömul og úreilt, og sömuleiðis íbúðarhús nýbýlis, sem er áfast peningshúsum prestsetursins, og svo nálægt prestetru að bæði er til stórra lýta og óþæginda. Miklu hefur verið skipt úr jörðinni og lítið orðið eftir af því gamla Bjarnarnesi.

Presteturshúsið er lítið, ein hæð með kjallara, reist 1945.

Af tæpum 940 íbúum í Hornafirði eru 720 í Hafnar-kauptúni, sem nú er sjálfstæð sókn og kirkjubygging í undirbúningi. Eins og eðlilegt er hefur allmjög verið rætt um flutning prestsetursins frá Bjarnarnesi og til Hafnar og virðist sóknarpr. því meðmæltur. Í Bjarnarnesi þarf mjög miklar umbætur og byggingar eigi prestetrið þar að verða viðunanlegt. Sýnist liggja beinast við, að sá kostnaður verði lagður í nýtt prestetur við hina nýju Hafnarkirkju.

2.-3. Kálfafellsstaður í Suðursveit. Sandfell.

Kálfafellsstaðarprestakall er fámennt, ca 270 manns í tveim sóknum; vegna legu sinnar er það þó sjálf-gert prestakall, enda þótt nú sé komið á gott vegasamband. við Hornafjörð. Og þar sem Sandfellsprestakall í Öræfum er prestlaust síðan 1931, og hús og jörð í eyði, hefur

aukabjónusta Kálfafellsstaðarpresta fært nokkuð út verksviðið. Í Sandfellsprestakalli, Hofssókn, eru um 150 manns. Hálf prestsetursjörðin á Kálfafellsstað var lögð til nýbýlis 1952, en núv. prestur (1962), síra Sváfnir Sveinbjörnsson, hefur gert miklar umbætur á sínum hluta, bæði að húskosti og ræktun, og er nú prestsetrið hið byggilegasta og umgengni öll til mikillar fyrirmynadar. (Eftirmaður síra Sváfnis Sveinbjörnssonar stundar ekki búskap en leigir jörðina bónda). Ibúðarhúsið, reist 1953-4, er allstórt, hæð og kjallari, 124 m^2 . Bagi er að ófullnægjandi vatnslögn. - Útihús eru nýleg, fjárhús fyrir 140 og hlöðurúm fyrir 6-700 hesta, fjós fyrir 10 gripi, allt stæðilegar og góðar byggingar. Áhöfn nú (1962) 7 kýr og 100 kindur. Ræktað land 10 ha. Veiði er nokkur og reki, sem prestsetrið nýtur góðra hlunninda af.

Um staðsetningu prestsetursins er það að segja, að hún sýnist svo hagkvæm sem orðið getur, en barnaskóli sveitarinnar er hið næsta prestsetrinu. Flutningur prestsetursins á Kálfafellsstað kemur alls ekki til greina, en álitamál hlýtur að vera, hvort reisa ætti prestshús á Sandfelli, ef svo óliklega kynni að fara, að prestur settist að í Öræfum á ný. Þar vantaði þá og um leið öll útihús.

Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.

1. Kirkjubæjarklaustur.

Prestsetrið einkar vel sett, en íbúðarhúsið, sem reist er 1939-40, er lítið og mjög óvandað, t. d. án miðstöðvarlagnar. Hin litlu og ófullkk. útihús eru nægjanleg vegna þess, að allt prestseturslandið er einir 4.57 ha. Engin hlunnindi. Hin mikla prestsetursjörð, Prestbakki á Síðu, hefur nú verið sold. Í prestakallinu eru aðeins rúmar 400 sálir og aðstaða ekki til kennslu á Klaustri. Er því vart nema von, að prestur vilji hafa nokkurt bú, en aðstaða til þess er mjög takmörkuð. Þó má hafa hér 2 kýr og 20-30 ær, ef allt land er fullnýtt. Flutningur prestsetursins kemur ekki til greina, nema unnt væri að selja þetta prestetur eins lélegt og það er og byggja annað í nágrenni þess á Kirkjubæjarklaustri.

2. Ásar í Skaftártungu.

Löggilt prs. 1952, 2/3 jarðarinnar. Íbúðarhúsið síðan 1952, afar lítið, aðeins 80 m^2 á tveim hæðum, nægjanlegt eins og er, en presturinn býr aleinn búi sínu.

Vatnsskortur er mjög tilfinnanlegur og er ekkert rennandi vatn í húsinu. Fjós er fyrir 4 kýr, byggt 1952, ásamt hlöðu, úr hraungrýti, undir járni. Fjárhús eru gömul.

Áhöfn 2 kýr, 80 ær og 1 hestur. Íbúar prestakallsins eru 260, í þrem sóknum, og þar sem engin péttbýlismyndun er í kallinu er prestsetrið mjög vel sett. En er prestur með fjölskyldu kemur að brauðinu, þarf augljóslega að leggja í miklar umbætur á prestsetrinu.

Rangárvallaprófastsdæmi.

1. Holt undir Eyjafjöllum.

Íbúðarhúsið gamalt (1927), byggt úr lítt vandaðri steinsteypu og þarf mikið viðhald. Samþygð því eru útihús, lélegt 7 kúa fjós, 60-70 kinda fjárhús og hesthús handa 4 hrossum. Landrými er mikið í Holti, en prestur býr ekki nú. Þarf augljóslega að leggja í gífurlegan kostnað við nýjar byggingar í náinni framtíð og virðist því sjálfsagt við næstu prestaskipti að selja jörðina eins og hún er og flytja prestsetrið að Skógaskóla. Ekkert er það lengur í Holti, sem réttlætt gæti óhemju kostnaðarsama endurreisin staðarins sem prestseturs.

2. Bergþórshvoll í Vestur-Landeyjum.

Íbúðarhúsið reist 1926 í burstastíl, en gagngerð endurbót fór fram á því 1949. Frágangur laklegur. Þarf húsið úrbóta hið bráðasta. Fjósbygging frá 1934 er léleg. Aföst járnbygging, ætluð fyrir hesta, notast til viðbótar og komast þá alls fyrir 20 gripir. 250 fjár eru á búinu, en fjárhús ný, reist langt frá bænum. Auk þess 35 hross. Landflæmi mikið og tún 30 ha. Sonur prests, sem með honum býr á jörðinni, hefur fengið hana hálfu að nýbýli. Prestsetur þetta er ekki vel sett í fámennu kalli, og augljós kostnaður við fjósbyggingu vofir yfir. Ekki er unnt að benda á annan prestsetursstað innan kallsins eins og það er nú, en hitt leizt nefndinni góð hugmynd að sameina

Stórólfshvolssókn Landeyjaþingum og flytja prestsetrið frá Bergþórshvoli að Hvolsvelli.

3. Breiðabólstaður í Fljótshlíð.

Íbúðarhús frá 1950-51, stórt og reisulegt, hæð og ris, en í kjallara er salur til veitinga og annarrar hentugrar notkunar. Fjós fyrir 38 gripi, reist 1934 og er svo lélegt orðið að reisa þarf af nýju hið bráðasta. Önnur útihús eru, eins og fjósið, af timbri og járni að mestu.

Undan jörðinni hafa smám saman gengið nokkrar hjáleigur, en aðaljörðin er enn óskert og fylgir henni mikið land, þótt heimahagar séu helzti þróngir. Ræktun er meiri en á nokkru öðru prestsetri, 70 ha. Síra Sveinbjörn Högnason, sem létt af prestembættinu á Breiðabólstað vorið 1963, bjó þar stórbúi, hafði undir 40 nautgripi, hálfþriðja hundrað fjár og 20 hross. Við þessu búi tók nýi presturinn, sonur hans síra Sváfnir, áður á Kálfafellsstað, og rekur því nú annað af tveim stærstu búum íslenzkra presta.

Hinn fagri og mérki staður á Breiðabólstað í Fljótshlíð er kjörið prestsetur og kemur flutningur prestsetursins þaðan alls eigi til greina.

4. Oddi á Rangárvöllum.

Bygging nýs íbúðarhúss á staðnum er fyrir dyrum. Fjós fyrir 14 gripi frá 1951, úr vikursteini og járni, hlaða frá 1934. Fjárhús ný fyrir 30-40 fjár, auk eldri bygginga. Ræktanlegt land óhemju mikið, en tún nú gefur af sér 600 hesta. Hinar gömlu hjáleigur Oddastaðar eru nú sumar, eins og á Breiðabólstað, sjálfstæð býli, en nokkuð af landi sameiginlegt. Tilfærsla þessa prestseturs gæti aldrei komið til greina. Þótt ekki sé búið er hægurinn hjá að leigja slægjulönd.

5. Fellsmúli á Landi.

Íbúðarhús stórt og veglegt, reist 1955. Útihús mjög léleg, nema 7 kúa fjós frá 1956. Túnstærð 9 ha. Ræktunarskilyrði góð, en heldur landlitið. Prestur býr aðeins með fé, hefur stórhundrað.

Íbúar prestakallsins tæpir 300, en prestsetrið er afleitlega sett uppi á Landi, innan og ofan við aðal byggðina í Efri-Holtapíngum fornu. Verður eindregið að

líta svo á, að prestsetrið beri að flytja að Marteinstungu og Laugalandsskóla. Þar er presturinn hvort tveggja við kirkjuna og skólann og upphitunarkostnaður presteturshúss yrði enginn.

Arnesprófastsdæmi.

1. Skarð í Gnúpverjahreppi.

Núverandi prestur (1963) hinn eini, sem setið hefur að prestetrinu, sem löggilt var 1914, er Stóri-Núpur var seldur. Íbúðarhús frá 1934 er ekki sérlega vandað né rúmgott, en stofuhús og eldahús standa enn af gamla bænum, vel við haldin og til mikils hagræðis um sumartímann, þegar þrengst er. Hesthús og hlaða eru frá fyrri tíð, einnig fjárhús, dreifð. En fjós með áfastri hlöðu er úr vikursteypu, nýrra, og má kallast allgott. Áhöfn er 15 nautgripir og 100 fjár, 6 hross, og heldur prestur ársmann við þetta bú. Tún er 20 ha og hefur prestur gert miklar jarðarbætur, en ræktunarskilyrði eru góð. - Veiðihlunnindi eru og nokkur. - Íbúar prestakallsins eru um 600, allt sveit, og því óhægra að benda á annan prestsetursstað, en þó væri að sumu leyti betra að setja það við Brautarholtsskóla á Skeiðum, við jarðhitasvæðið. Eru báðir staðirnir vel settir í kallinu, en þægindi þó ólikt meiri við skólann, ef til vill möguleikar á kennslu og upphitunarkostnaður minni. (Núverandi prestur, er tók við kallinu 1965, býr ekki).

2. Hruni í Hrunamannahreppi.

Íbúðarhús byggt 1949-51 eftir bruna. Það er 90 m², kjallari, hæð og ris, vandað og vistlegt. - Fjós fyrir 8 gripi steinsteypt með hlöðu, nýleg bygging. Fjárhús fyrir 200 fjár í smíðum, en hlöðu vantar. Ræktunarskilyrði eru nær takmarkalaus og landgæði mikil. Túnstærð nú orðin 15 ha. Áhöfn 9 kýr, 100 ær og 12 hross. Stendur þessi búskapur með blóma, og alls eigi von til að þessi mikla jörð verði nokkru sinni fullnýtt, hvorki af presti né bónda eða báðum samt. En vilji prestur ekki búa, eða hafi enga aðstöðu til þess, vantar tilfinnanlega íbúð fyrir leiguliða. - Íbúar prestakallsins eru 300, nær allir í heimasókninni. Þéttbýlismyndun er nokkur hið næsta Hruna, að Flúðum, og

er þar skólinn og félagsheimilið, og gnægð hveravatns. Flutningur prestsetursins þangað hefur komið til tals, en auðvelt væri fyrir prestinn að stunda kennslustörf á Flúðum heimanað frá staðnum. Nefndin leggur ekki til flutning þessa prestseturs, en bendir á, að ef til samsteypu Stóra-Núps- og Hrunaprestakalla kæmi, eins og oftlega hefur verið hreyft, burfi nánari athugun á aðsetri prests fyrir svo stórt prestakall. En miklu fremur sætti Hruni að haldast sem prestsetur en Skarð.

3. Torfastaðir í Biskupstungum.

Nefndin kom að staðnum og gerði sínar athuganir, en óþarf er hér um að ræða, þar sem presturinn er nú fluttur í Skálholt.

4. Mosfell í Grímsnesi.

Ömurleg aðkoma á eyðibýli. Hús illa farin og varla til annars en niðurrifs og sýnist allur staðurinn í megnustu vanhirðu. Eigi að endurreisa prestsetur að Mosfelli þarf að byggja allt af nýju, bæði íbúðarhús og útihús. Sýnist tvímælalaust réttast og hagkvæmast að flytja prestsetrið að Laugarvatni, þar sem hafinn er undirbúningur að kirkju-byggingu. Hlýtur öll aðstaða prests að vera þar hin ákjós-anlegasta og, að því er séð verður, nærtækari starfsgrund-völlur en búsumstang á Mosfelli, þar sem alls er vant.

Leggur nefndin eindregið til, að prestsetur þetta verði flutt og fjármagn fremur sett í nýtt og vandað hús á Laugarvatni en á Mosfelli.

5. Þingvellir í Þingvallasveit.

Nefndin telur ekki ástæðu til að fjalla um jarðar-afnot Þingvallaprestseturs, þar sem slikt fellur undir embætti þjóðgarðsvarðar.

Kjalarnesprófastsdæmi.

1. Mosfell í Mosfellssveit.

Prestsetrið hefur nú á ný verið flutt heim á gamla bæjarstæðið og reist þar mikið hús og vandað. Er það heilir 136 m^2 á tveimur hæðum, með kjallara, upphitað af hveravatni. - Útihús mega hins vegar kallast ónýt og telur staðarpresturinn, að nú sé annað tveggja. að byggja nýtt

fjós eða gefa upp búskapinn. Áhöfn er 18 kýr, 20-30 ær, 200 hæns og 2 hross. Mann þarf að halda við búið, sem er varla nógu stórt til að standast þann kostnað. Ræktað land er 15 ha, en auk þess framræstir 8-9 ha. Skipt hefur verið úr Mosfellslandi fyrir alllöngu Mosfelli II, og er það býli í lífstíðarábúð, en getur gengið aftur til prestsetursjarðarinnar, ef æskilegt þætti. Íbúum prestakallsins fjölgar ört, en gera má ráð fyrir skiptingu þess á næstu árum, en samt verður að draga í efa, að starfsorka prests endist lengi til búskapar, er hann hefur 2-3 þúsund sóknarbörn.

Ástæða til flutnings prestsetursins er engin, sízt þar sem nú rís kirkja af nýju heima á staðnum.

2. Reynivellir í Kjós.

Íbúðarhúsið reist 1956, sæmilega rúmgott og vel vandað. Búskapur meiri en á nokkru prestsetri öðru: 37 höfuð í fjósi, 340 fjár, 12 hross. Hlunnindi eru af laxveiði. Fjós fyrir 30 kýr, auk kálfa, er nýtt og samsvarar fyllstu kröfum. Fjárhús, sem taka á 4. hundrað fjár, eru úr timbri og járni að mestu. Einkennir allar byggingar á staðnum hagsýni og vandvirkni, enda er presturinn lærður műrari. - Ræktað land er þegar yfir 30 ha, en véltækar engjar eru óhemju flæmlí og nýttar eftir þörfum.

Íbúar prestakallsins eru tæp 300, en péttbýli hvergi til. Nær engri átt að mæla með flutningi prestsetursins og sízt meðan stórbúskapur er rekinn af prestinum á staðnum. En færi svo, að prestur kæmi að Reynivöllum, sem ekki byggi, er einsýnt, að íbúð vantar fyrir bónda, sem tæki jörðina á leigu.

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

1. Saurbær á Hvalfjarðarströnd.

Íbúðarhúsið er mjög lítið, hæð og ris, en kjallari óinnréttar, reist 1938-40. - Fjós er fyrir 14-16 gripi, byggt 1945, en fjárhús fyrir 160 eru yngri. Landrými er nóg, en túnstærð 20 ha. En ef hlíðin ofan við bæinn yrði friðuð til skógræktar hlýtur sauðfjárbúskapur að vera útiklokaður, en nú er ekki rekinn búskapur á jörðinni. - Hlunnindi eru mikil, laxveiði og talsvert æðarvarp, svo að búa má með fleira en kýr og kindur á þessum fornhelga stað. -

Íbúar prestakallsins eru 360, en Innra-Hólmssókn á að bætast við. Prestsetrið er ekki tiltakanlega illa sett í kallinu og söguhelgi staðarins tekur af öll tvímæli um prestsetur í Saurbæ - þótt ekki kæmi hlunnindin til.

2. Reykholt í Borgarfirði.

Nefndin taldi sig ekki eiga erindi að Reykholti, þar sem presturinn hefur ekki nytjað jörðina í 30 ár. Þó mun enn 1/4 hluti hennar tilheyra prestsetrinu. Er hér gott dæmi þess, hver munur er á aðbúð og afkomu prests á skólastri heldur en venjulegri bújörð.

3. Hvanneyri í Andakíl.

Prestsetrið í Hestþingum hefur verið flutt að Hvanneyri og nefnist Staðarhóll. Er þetta nýja prestsetur nú lög-gilt grasbýli með 3 ha túni og beitarréttindum fyrir 9 gripi. 200 kapla engjaítak á Hesti, gott land og véltækt, en veiðiréttur Hestprestseturs í Grímsá er genginn undan og er það óbætanlegt tjón. Íbúðarhús Staðarhólsprests er frá 1947, ekki stórt og nokkuð gallað. Polanleg útihús eru fyrir 6 kýr og 50 kindur, en prestur býr aðeins með fé. Þessi búskapur er ekki arðsamur, og sýnist engjaparturinn á Hesti bezta búsilagið, enda má leigja alla grasnytina ef vill.

Flutningur hefur þegar farið fram og er aðvarandi dæmi þess, hve illa er að farið, er mikil hlunnindi eru tekin undan prestsetri við flutning þess í stað þess að fylgja því áfram, a. m. k. að hálfu.

Mýraprófastsdæmi.

1. Stafholt í Stafholtstungum.

Presteturshúsið frá 1938, lítið og þróngt. Útihús eru hinar fyrirferðarmestu steinbyggingar, en ekki að sama skapi vandaðar, og furðanlega illa staðsettar, svo að ganga verður nærrí því í gegnum þær heim á sjálfan staðinn. Er ekki álitamál að rífa þarf öll útihús á staðnum til grunna og endurbæta og stækka íbúðarhúsið stórlega. - Prestur býr ekki (1963), en leigir jörðina manni, sem engin hús þarf (sic.), en hvort sem prestur býr framvegis eða leigir bóna jörðina þarf hér með geysimikilla úrbóta og nýbygginga. Hlunnindi eru í veiði. Tún er lítið og ekki nýlegur túnauki.

Um flutning prestsetursins að skólastaðnum Varmalandi er gott eitt að segja, en bezt hefði verið, að prestur gæti setið áfram að kirkjustaðnum, en bóndi nytjað jörðina. Örstutt er að Varmalandi, ef grípa þyrfti til kennslu prestsins. En mikið átak þarf hér að gera, svo að ekki sé staðurinn vansæmandi kirkjunni. Núverandi prestur (1965) mun hyggja til búskapar, er hann tekur við jörðinni að fullu.

2. Borg á Mýrum.

Nýtt presteturshús, vandað mjög og smekklegt og samir vel þessum merka stað, en auðsær snyrtibragur á allri umgengni og listfengi að verki. Borgarprestur hefur engin jarðaráfnot sjálfur, en leigir út slægjur, 4 ha tún og engjar. Bóni er ekki á staðnum, enda ekki aðstaða fyrir hann þar, hvorki íbúð né úтиhús. 900 manns eru í kauptúninu Borgarnesi, en prestsetrið er svo nálægt á sínum gamla stað, að ekki þótti ástæða til að flytja það þangað. Og er nú meiri reisn yfir höfðingssetrinu Borg.

3. Staðarhraun á Mýrum.

Núverandi prestur hefur haldið prestakallið í 10 ár, en aldrei setið staðinn. Hefur jörðin verið föst í ábúð bóna í 35 ár, og er því varla um eiginlegt prestsetur að ræða hér nú, þótt svo eigi að heita. Jörðin er lítil til ræktunar og mjög óhæg með nútíma búskaparlagi, tún ekki einu sinni véltækt, hlunnindi forn öll gengin undan. Mannfjöldi aðeins 150, þar af 50 í heimasókninni. Hús öll eru gömul. Staðarhraun er nú að losna úr ábúð og er ljóst, að ef endurreisa á þar prestsetur, er sóknarpr. á þess loks kost að setjast á staðinn, þarf að byggja allt af nýju, íbúðarhús og gripahús og hefja ræktunarframkvæmdir. En ekki er unnt að benda á annan stað æskilegri til prestseturs í þessu fámenna og litla brauði, enda er þar hvergi um þéttbýlismyndun eða skólastetur að ræða. En fallegt er og friðsælt á þessu gamla helgisetri.

Snæfellsnesprófastsdæmi.

1. Söðulsholt i Miklaholtshreppi.

Löggilt prestsetur 1936. Íbúðarhús gamalt og illa

byggt, en hefur tvisvar fengið gagngera endurbót. Útihús eru sæmileg, einkum stór fjárhús, sem prestur leigir að hálfu gegn hirðingu síns fjár (100 kindur). Fjós er heima við bæinn, með 9 básum, en notað fyrir 4 hross og hæns. Ræktað land er 7.5 ha og 15 ha framræst að auk, en landrými mikið.

Barnaskóli sveitarinnar er sem stendur á prestsetrinu. prestfrúin B. A. Rósa Þorbjörnsdóttir, skólastj., en verið er að reisa stóran heimavistarskóla við Kolviðarneslaug, sem er 6-7 km frá prestsetrinu. Þar sem söguhelgi prestsetursins í Söðulsholti er engin og ekki kirkja þar heima, en ærin hætta á búskaparvandr. á jörðinni framvegis, þótt vel sleppi nú, er ekkert efamál að prestsetrið ætti að fylgja skólasetrinu við Kolviðarneslaug, enda vel sett þar. Prestakallið, Miklaholtsprestakall, tekur yfir alla Hnappadalssýslu. Íbúar 400 í 3 sóknum. Verkefni prests ætti því að vera ærið, þótt ekki kæmi búskapur til. En í Söðulsholti þyrfti brátt að byggja nýtt prestseturshús, og helzt svo stórt að rúmi einnig fjölskyldu bóna, ef haldast á prestsetur á þeirri jörð.

Mælir nefndin því eindregið með flutningi að Kolviðarneslaugarskóla.

2. Staðarstaður, Staður á Ölduhrygg.

Íbúðarhúsið er öndverðlega byggt 1938, lítið, en viðbyggt og stórum endurbætt 1950-52. Veitir sízt af húsrýminu, því að fjöldi nemenda er á hverjum vetri í heimaskóla prestsins. Vatnsskortur er tilfinnanlegur. Útihús eru léleg og svo illa staðsett, á miðju hlaði milli kirkju og kirkjugarðs, að þau þarf að rífa hið allra fyrsta, enda lítil eftirsjá í þeim, gamalt fjós fyrir 14-16 gripi ásamt hlöðu, og fjárhús fyrir 50 ær, viðbyggt skúrhús úr asbestos. Hér þarf því að reisa ný útihús á öðrum stað, en búskaparmöguleikar á jörðinni eru miklir og ræktarland gott. Túnstærð nú er 17 ha og áhöfnin 10 kýr, 5 geldneyti og 50 ær, 7 hross. - Nágrannajarðir fengu engjaítak úr prestsetursjörðinni fyrir nokkrum árum, og kemur slik skerðing á góðiendi sér illa. Ekki hefur þó tekizt að ná hlunnindunum undan prestsetrinu, en þau eru veiði í Staðaránni og ca 15 kg dúntekja. Á Staðarstað er símstöð sveitarinnar og hefur

prestur mikil þægindi af, en nokkuð erfiði sem von er. Prestsetrið er svo vel sett á Stað, að tilfærsla kemur ekki til greina, enda þótt skóli sé í byggingu annars staðar í sókninni, við heita laug. En ítrekað skal, að hér þarf nýjar útihúsabyggingar hið bráðasta, svo að unnt sé að auka og færa út búið, en fegra staðinn um leið með niðurrifi gömlu húsnanna.

3. Setberg í Eyrarsveit.

Ibúar prestakallsins eru 590, þar af í Grafarnesi 430, en þar er nú kirkja í smíðum. Er að öllu leyti eðli-legt að presturinn sitji framvegis í plássinu, enda liggur fyrir safnaðarsamþykkt um flutninginn. Byggja þarf hvort eð er nýtt prestshús, því að gamla húsið á Setbergi er mjög lélegt, múrhúðað timburhús. Þá er þar heima lélegt stein-fjós fyrir 10 gripi, en fjárhús engin. Ræktað land aðeins 5 ha. - Melrakkaey heyrir undir prestsetrið og var hún fyrr meir fóturinn undir búskapnum, enda mikill heyfengur í eynni, en vitanlega ekki nytjað lengur. Þar var og mikil kofnatekja og 7-13 kg dúns, eitthvað stundað enn. Ær sjálfsagt mál, að eyjan heyri áfram prestsetrinu, þótt það sé flutt að Grafarnesi. Má hafa af mikið gagn og unað - en fráleitt byrði. Nefndin lítur á þenna flutning prest-setursins sem tímabært og raunhæft mál.

4. Breiðabólstaður á Skógarströnd.

Öll hús staðarins gerónýt, og nú prestlaust undan-farin ár. Þó er verið að ræsa fram mikið land og friðari jörð getur ekki viða.

Hér þarf bókstaflega alit að gera af nýju, prest-seturshús og útihús, en eigi presturinn að geta haft bóna með sér á jörðinni, sem telja verður nauðsynlegt vegna strjálbýlis, þarf annað tveggja stórt íbúðarhús eða tvö ný hús minni. Þessi staður er því svo kostnaðarsamur sem frekast má verða í endurreisn. Flutningur prestsetursins er þó óhugsandi, aðeins 124 í prestakallinu og vitanlega ekki þéttbýli.

Skilyrði til umfangsmikils sauðfjárbúskapar eru heiltu kostir staðarins.

Dalaprófastsdæmi.

1. Kvennabrekka í Suðurdalapингum.

Íbúðarhús reist 1948, stórt nokkuð, en hólfat sundur í smáherbergi og er skrifstofa prestsins t. d. svo lítil, að alls eigi komast þar inn fleiri en 2-3 menn í einu; í kjallara er salur, hentugur á prestsetri, en svefnherbergi í risi. Húsið er reisulegt og sýnist stórt, en ekki að sama skapi hagkvæmt.

Skipt var úr jörðinni býlinu Kringlu 1911, og er mjög landþróngt á prestsetrinu, en þéttbýlt í næsta nágrenni. Þrátt fyrir þetta er nú (1962) rekið stórt bú á Kvennabrekku, 5 kýr og 300 fjár, 30 hross. Ræktað land er 15 ha. Vinnumann þarf að halda að vetrinum. Peningshús og hlöður eru stæðilegar byggingar, en þurfa þó umbóta við og stækkunar, einkum fjósið, enda er nú tekið til starfa mjólkursamlag í Búðardal. Sauðfjárbúskapur hefur reynzt ótryggur vegna sífelldra niðurskurða.

Prestsetrið er mjög vel sett í prestakallinu eins og það er nú, en ef Hjarðarholtssókn fylgdi eins og áður var, eru áhöld um hvort presturinn væri ekki betur settur í Búðardal í örskotshelgi við hina miklu Hjarðarholtskirkju.

2. Hvammur í Hvammssveit.

Íbúðarhús nýlegt og rúmgott og einnig úтиhús. Skortir ekki á byggingar og ræktun ærin, allt unnið í tíð fráfarandi prests, síra Péturs T. Oddssonar, 1944-1956. Núverandi prestur býr ekki, en leigir jörðina, sem er mikil og góð. Um tilfærslu prestsetursins er varla að ræða, á skólastrinu Staðarfelli er hann mjög illa settur í kallinu, en sóknin sára fámenn, og sömuleiðis á enda, ef hann sæti í Búðardal, en í Hjarðarholtssókn eru 300 af 520 íbúum prestakallsins. Ef um samsteypu Kvennabrekku- og Hvamms-prestakalla yrði að ræða er prestsetur sjálfsagt í Búðardal.

3. Hvoll í Saurbæ.

Þetta prestsetur var í eyði 1929-1954, en þá kom loks prestur að brauðinu af nýju og hefur prestsetrið verið endurreist. Kirkjan var tekin ofan og flutt þaðan skömmu fyrir aldamót, og var nú bæjarstæðið flutt nokkurn spöl.

Stendur bærinn ekki eins hlýlega og fyrr. Allar byggingar eru nú nýjar og góðar, en íbúð fyrir bónda í kjallara prestshússins til baga lítil, en risloft óinnréttar. Úti-húsí hafa verið sett alltof nálægt íbúðarhúsínu, en þau þarf að stækka um helming, ef prestur kýs að hafa nokkurn bústofn ásamt bónda.

Nú er áhöfn ábúandans 9 kýr, 80-90 fjár, auk þess sem hann hirðir 40 ær fyrir prestinn. Graslendi er mikið, engjar nærtækar og sléttar, en tún lítið.

Íbúar kallsins 300, þar af nær 200 í heimasókninni. Engin áhöld eru um, að prestsetrið er bezt sett á Hvöli og kemur flutningur ekki til greina.

Barðastrandarprófastsdæmi.

1. Reykhólar í Reykhólasveit.

Löggilt prestsetur 1948, íbúðarhús frá því ári, hitað upp með hveravatni, en þróngt og stórgallað. Ræktuð landspilda, 5 ha, fylgir prestsetrinu og hefur presturinn 40 ær, og telur sig hafa hagnað og ánægju af. Hlöðu vantar við fjárhús. Hér er presturinn svo vel settur sem orðið getur, en flutningur prestsetursins frá Stað, þeirri óhemju hlunnindajörð, virðist eigi að síður hæpinn. Þar gat prestur setið við hlið bændanna og nytjað hlunnindi jarðarinnar þótt búlaus væri ella. Telst það mjög athugavert, að engin af hlunnindum Staðar skyldu ganga til prestsetursins á Reykhólum.

2. Brjánslækur á Barðaströnd.

Prestlaust að kalla s. 1. 30 ár, og prestsetrið nú í eyði. Engin úti-hús uppi standandi og prestseturshúsið gerónýtt. Það er steinsteypt bygging frá 1912, innréttar með panel, lágor kjallari, hæð og lágt risloft. Er óþarf að lýsa því nánar, að hús þetta er alls eigi til annars en niðurrifs og væri líklega stór hættulegt að fólk settist að í því nú. Mikil óprýði er, á þessum undurfagra stað, að nýbýli á undirtúninu. Er naumast hægt að komast heim á staðinn fyrir véla og úti-húsabyggingum frá nýbýlinu.

Skipti þess út úr prestsetursjörðinni munu vægast sagt hæpin, og eru endurskipti aðkallandi strax og prestur kemur á ný að Brjánslæk. En hlunnindi og landkostir þessarar

jarðar eru miklir. Flutningur prestsetursins kemur ekki til greina, en sökum fólksfæðar virðist liggja beint við að þjóna Flateyjarprestakalli frá Brjánslæk, enda er þar við bæinn bryggja og viðkomustaður flóabátsins. En ljóst er, að hér vantar fyrst og fremst íbúðarhús prests og síðar útihús, ef hann treystist til að reka búskap. En hlunnindi jarðarinnar má nýta strax, án nokkurs framkvæmdakostnaðar.

3. Sauðlauksdalur við Patreksfjörð.

Presteturshúsið er reist 1953, 120 m², hæð og íbúðarkjallari, rúmgott fyrir eina fjölskyldu, en ekki til tvískipta, dytти presti í hug að byggja af jörðinni eða leigja hana alla. Fjós er fyrir 7 gripi, gömul bygging, lagfærð. Fjárhús eru ónýt. Núverandi prestur (1962) hefur búið á jörðinni og nytjað hana eftir föngum, en aðstaða er fremur óhæg, túnið lítið og erfitt vegna mishæða og sandágangs, jarðvegur allur sandborinn og ekki frjór. Þó hefur ræktun verið færð út og nægilegt fóður fyrir áhöfnina, sem er 6 kýr og 140 fjár. Hagnað telur prestur sig ekki hafa af búinu, enda þarf að kaupa mikla vinnu. – Gamla húsinu hefur verið breytt í áhaldaskemmu og er því haganlega fyrir komið. Er mjög smekklega um allt búið, úti og inni, á þessum fornfræga stað, sem vonandi á sér enn langa og góða sögu sem prestetur, en ekki er um annan prestsetursstað að ræða í þessari strjálbýlu og fámennu byggð.

Hlunnindi eru, og mikil búdrýgindi, silungsveiði í Sauðlauksdalsvatni. Nam veiðin að fornu mati 300 silungum á ári. (1965 er orðið prestlaust á staðnum).

Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

1. Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Prestlaust, enda aðeins 51 íbúi í prestakallinu, sem er raunar tvær sóknir. Nýreist stórhýsi, ætlað jöfnum höndum fyrir prestetur og skóla. Eigi þetta prestetur sér einhverja framtíð, hlýtur hún að byggjast á framhaldsskóla eða annarri stofnun á staðnum. Börn í þessu skólahverfi eru eins og nærri má geta svo fá, að þótt hér sé um kennsluprestakall að ræða bætir það lítt úr skák.

Stórbúskapur prests hér varla til umræðu, enda þarf þá ýmsu að breyta og mikið að gera enn á staðnum.

2. Holt í Önundarfirði.

Íbúðarhús nýlegt og harðla gott, símstöð fylgir staðnum og er til þæginda, en bindandi. Þá er þar einnig hinn fámenni barnaskóli Mosvallahrepps. - Núverandi (1962) prestur hefur ræktað 9 ha tún, en miklar veltækar engjar. Útihús með öllu ónýt.

Flutningur prestsetursins til Flateyrar virðist sjálfsagður, en þar búa 530 af 660 íbúum prestakallsins. Vegurinn þangað frá núverandi prestsetri er 23 km langur.

3. Staður í Súgandafirði.

Nýreist íbúðarhús, stórt og vandað, á einni hæð 140 m² og með litlum kjallara, 30 m².

Prestur hefur ekki búið lengi, en leigt jörðina fyrir kr. 275.00 árlega, auk fóðrunar 12 kinda (kúgildi). Býr bóninn í gamla prestshúsinu, sem er mjög illa farið og hrörlegt. Áhöfn hans er 12-14 kýr og stórhundrað fjár. Útihús léleg. Íbúar prestakallsins, sem er ein sökn með tveim kirkjum, eru nær 500 manns.

Flutningur kemur nú ekki til greina, þar sem byggð hefur verið á Stað, enda eru aðeins 4 km þaðan heimanað út í þorpið á Suðureyri. En aðbúð bóna og útihús á prestsetrinu þarf að bæta svo, að jörðin fari ekki í eyði og verði prestinum til trafala og vandræða.

Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

1. Staður í Grunnavík.

Allt prestakallið í eyði, nema vitavarðarfjölskyldan á Hornbjargsvita. Fór nefndin því ekki að Stað.

2. Hvítanes í Ógurþingum.

Aðeins einn prestur hefur setið hér og ekki síðan 1946. Á bænum er símstöð, en mjög strjálbýlt umhverfis. Virðist presturinn tvímælalaust bezt settur við hina nýju kirkju í Súðavík, enda þótt Hvítanes sé meir um miðju prestakalísins.

3. Vatnsfjarðarstaður.

Íbúðarhúsið frá 1906 telst tæplega byggilegt lengur. Er húsið mjög kalt, en virðist notalegt vegna góðrar umhirðu.

Hlýtur bygging nýs prestseturshúss að kallast brýn. Fjós er gamalt og ónýtt. En nýleg fjárhús, vönduð og mikil, með stórrri hlöðu, eru á staðnum og bera þau af öðrum byggingum. Taka 250 fjár. Búskapur á þessari miklu jörð er lítill sem enginn, prestur hefur 40 ær, sem ganga sjálfala í Borgarey, sem heyrir undir prestsetrið. Áður var þessi stóra eyja nytjuð til dún- og fuglatekju, en á hverju sumri fengust þar undir 500 hestar fuglatöðu. Heimatúnið er hins vegar ekki stört, en ræktunarmöguleikar miklir eftir því sem gerist á Vestfjörðum, enda er Vatnsfjörður frá náttúrunnar hendi bezta og mesta jörð við Djúp. - Hin mörgu hlunnindi jarðarinnar eru nú ekki nýtt. Prestsetrinu fylgir "Staðarferjan", vegna sjávar- og eyjagagnsins og hefur prestur endurnýjað hana. Auk þess fylgja 24 ær og 2 hross, enn fremur eitthvað af áhöldum, sem ekki mun algengt.

Allt þetta minnir á forna frægð þessa merka og mikla höfuðbóls, sem engin von er til að nokkur einn maður geti nytjað að gagni, eins og tímarnir eru nú, þegar beztu bænda-býli á næstu grósum fara í eyði. Eina vonin til bættra búskaparhátta á svona stað virðist sú, að presturinn fái duglegan bónda í félag við sig, án þess þó að nýju býli sé skipt úr jörðinni. Það skapaði aðeins nýjan vanda. En svo að presturinn geti haft mann með fjölskyldu með sér á jörðinni þarf fyrst og fremst stórt íbúðarhús.

Um 13 km veg frá Vatnsfirði er skólasetrið í Reykjanesi. Hefur presturinn kennt þar undanfarna vetur. Flutningur prestsetursins þangað hefur komið til tals, enda héldi hið nýja prestsetur nokkrum hlunnindum Vatnsfjarðar. En naumast er ástæða til að ör vænta um framtíð hins mikla staðar, þótt meiri háttar búskapur sé ekki rekinn þar nú um sinn. Raunar bæri að leggja allt kapp á að endurreisa og prýða Vatnsfjarðarprestsetur, og verður það bezt gert með nýju og stóru íbúðarhúsi.

Strandaprófastsdæmi.

1. Arnes í Trékyllisvík.

Engin tök hafði nefndin á að fara út að Arnesi, en þar er nú prestlaust, og hefur verið svo oftast undanfarandi, prófasturinn á Hólavík þjónar kallinu í aukapjónustu og hittu nefndarmenn hann að máli.

Nýlegt íbúðarhús er á prestsetrinu Árnesi, allstórt, enda gert ráð fyrir að þar sé einnig húsnæði fyrir bóna. 1/3 hefur verið skipt úr jörðinni, en landrými þó enn mikið og hlunnindi ærin. Útilokað er að skipta aftur úr jörðinni, eigi prestsetrið að teljast viðunanlegt ábýli. Í presta-kallinu, sem er ein sókn, eitt sveitarfélag, eru enn 270 manns, smáþorpamyndanir nokkrar, en fráleitt að flytja prestsetrið. Er Árnes miðstöð byggðarlagsins, og er þar einnig læknissetur að lögum, að vísu oftast autt eins og prestsetrið. - Stórt bú er unnt að reka á prestsetursjörðinni (sauðfjár-), en til að svo megi verða þarf margs við, útihúsabyggingar og ræktun. En sumur eru misfellasöm á Norðurströndum og því einsýnt, að mesta áherzlu ber að leggja á hlunnindin, dún og reka. Að því leyti er tjón, að jörðinni skuli hafa verið skipt.

2. Staður í Steingrimsfirði.

Nefndin taldi sig ekki eiga erindi að Stað, þar sem nú er auður bær. Presturinn situr á Hól mavík, þar sem nýtt prestseturshús, mikið og vandað, hefur nú verið reist. Ástæða er til að ganga eftir, að ítök Staðar prestseturs fyrnist ekki, enda gætu þau verið Hól mavíkurpresti hagkvæm. Halda þarf við byggingum á staðnum eða rífa ella, enda óþolandí lýti að hrynjandi húsum á kirkjustað.

3. Prestbakki í Hrútafirði.

Íbúðarhús er nýlegt og gott, en kjallari ófullgerður. Það er þó svo lítið, að útilokað er fyrir meira en eina fjölskyldu. - Jörðin liggur við sjó og eru þar nokkur hlunnindi í veiðiskap, ef unnt væri að stunda. Varp er ofurlítið og fiskur í ám. Beitilönd eru viðlend, en tún aðeins 10 ha. Áhofn liðlega 200 fjár og 3 kýr. Búskapurinn gefur nokkurn arð, en kostar mikið erfiði fjölskyldunnar. Fjárhús eru hálf ónýt en verður þó að nota. Fjós sämilegt og rúmar 7 gripi, áfost hlaða og verkfærageymsla.

Í útsókninni á Óspakseyri eru aðeins 60 manns, í heimasókn 166, en í Staðarsókn 190 og fjölgar mjög á vetrum vegna Reykjaskólans. Fulli ástæða er til að mæla með flutningi prestsetursins að skólastaðnum, en hann er nálægt hinu aldaftona prestsetri að Stað í Hrútafirði, sem lagt var að

Prestbakka 1885. Er presturinn alveg tvímælalaust betur settur í Staðarsókn en langt úfi í Bæjarhreppi. - Fjármagni, sem þarf í ný fjárhús á Prestbakka væri viturlegar varið í prestseturshús að Reykjavíkóla.

Húnavatnsprófastsdæmi.

1. Melstaður í Miðfirði.

Núverandi prestur hefur gert miklar umbætur úti og inni. Gamla túnið, sem allt var þýft, hefur verið sléttatð og aukið nokkuð, stór hlaða reist, járnklædd timburgrind, við áður nokkurn veginn stæðileg fjárhús uppi í túninu, en gagngerð umbót farið fram á íbúðarhúsinu. Er það frá 1912, hæð með kjallara og risi, steinsteypt, og nú hið vistlegasta, enda prýðisvel um gengið, en allt of lítið fyrir prestinn, hvað þá ef byggja ætti bóna jörðina og húsnæði með. En nú býr prestur einn á staðnum og áhöfn hans 160 fjár og 15 hross. Nokkurt land hefur hann leigt til ræktunar bóna í þorpinu á Laugarbakka. Hlunnindi af laxveiði í Miðfjarðará eru svo mikil og arðsöm, að þau ein útiloka allar uppástungur um tilfærslu prestsetursins í þéttbýlið á Hvamms-tanga, enda er presturinn betur settur í brauðinu á Melstað. En í náinni framtíð þarf að reisa nýtt prestseturshús á staðnum og væri þá unnt að hafa bóna við hlið prestsins, en búskaparmöguleikar á jörðinni eru mjög miklir. Ber sérstaklega að varast að skipta jörðinni, enda ódrygðust þá hlunnindin.

Melstaður óskertur á að vera prestsetur áfram.

2. Tjörn á Vatnsnesi.

Fráfarandi prestur bjó aldrei á Tjörn og var staðurinn að heita má í eyði áratugum saman. Núverandi prestur fékk þó aðeins hálfu jörðina, er hann tók kallið fyrir fáum árum. Er hann óánægður með, að skipt hefur verið úr hálf-lendunni. Að því er auðvitað enginn styrkur fyrir búskap prestsins, en minna svigrúm og ami. Nú hafa öll bæjarhús prestsetursins verið byggð af nýju, sérdeilis stórt og rúmgott prestshús, þó illa einangrað. Afast því er geymsla og vélarhús, einnig bílskúr, og innangengt í fjós, gott, en lítið. Nú er í ráði að byggja stór fjárhús. Ræktun var engin, en nú þegar orðin nokkur, og hefur verið ræst fram

land. Prestur telur sig hafa ómetanlegan stuðning af búskapnum, prestakallið er tvær sárafámennar sóknir. Mikil hlunnindi eru að lax- og silungsveiði. Beitilönd eru yfrin.

Um flutning prestsetursins er ekki að ræða innan prestakallsins, en hins vegar innan hreppsins, Þverárhrepps, þar sem er annað prestsetur.

3. Breiðabólstaður í Vesturhópi.

Nú prestlaus um nokkur ár, en bónda leigð jörðin og heldur hann vel við hinum afar lélegu byggingum, girðingum o. s. frv. Er presturinn fór 1960 var símstöðin á Brú flutt að Syðri-Þverá og mun ekki fáanleg á prestsetrið af nýju. Er að því mikill bagi. Símstöðvarnar eru alveg ómetanlegar fyrir sveitaprestana. – Íbúðarhúsið er illa byggt, 1936-37, 88 m^2 að stærð, steinsteypt, óinnréttar kjallari og óinnréttar ris, en hæð með lélegum panelbiljum, Bersýnilegt er, að hér þarf að reisa nýtt íbúðarhús og jafnframt útihús, sem eru gömul, lítil og hrörleg. Ræktun er lítil, en allmikið land hefur verið ræst fram. Búsaeldarlegt sýnist, þrátt fyrir ailt, á þessu fornfræga höfuðbóli, og gæði jarðarinnar talsverð. Hlunnindi af veiðiskap nokkur og gæti vafalaust verið meiri.

Flutningur prestsetursins kemur ekki til greina, en kallið er mjög fámennt og aðeins ein útsókn, Víðidalstunga. Þéttbýlismyndun engin. Rætt hefur verið um samsteypu Tjarnar og Breiðabólstaðar, en nú erfitt um þar sem svo mjög er aðhafzt um allar framkvæmdir á Tjörn. Þar ytra væri presturinn illa settur fyrir þessar sóknir allar, en hins vegar mjög um miðju á Breiðabólstað.

Gjalda ber varhug við að skipta úr jörðinni nýbýli, enda þótt nú sé lítt nytjuð um sinn.

4. Steinnes í Þingi.

Íbúðarhúsið er reist 1927, steinsteypt, ein hæð með lágum kjallara og nokkru risi. Húsið er lítið og alls ekki til tvískipta. Jörðin er stór og landmikil, einkum af eingjum, sem manu vera um 75 ha, sléttar undir áveitu. Vegna þeirra hefur minna verið hirt um ræktun. Lánar prestur engi, en byggir annars ekki af jörðinni. Bú hans er um 8 kýr, 120 ær og 20 hross. Fjósið er gömul torfbyggning, en fjárhús nýleg og standa vel, seta rúmað allt að

200 fjár. Veiðihlunnindi í Steinnesi óskertu eru svo mikil, að ekkert vit væri í að flytja prestsetrið til Blönduóss, nema unnt væri að halda þeim eftir a. m. k. að hálfu, og búa svo um að prestur gæti setið í Steinnesi á sumar.

Tekjur af engjum ættu og að geta verið allmiklar. Ef horfið yrði að því ráði að flytja prestsetrið í þorpið á Blönduósi, sem nefndin mælir raunar eindregið gegn, þyrfti skilyrðislaust að halda eftir heimabænum í Steinnesi, en selja aðeins hálfa jörðina á leigu, til að tryggja að hún fær ekki í eyði. Það skal enn ítrekað, að hlunnindum Steinnesprestseturs má alls ekki sleppa.

5. Bólstaðarhlíð í Svartárdal.

Prs. Æsustaðir seldir og nýtt prs. sett í Bólstaðarhlíð, þar sem nú er presteturshús í smíðum. Þurft hefði, áður en hafizt var handa um nýsmíði bessa, að tryggja prestsetrinu eitthvert land og einkum veiðirétt í Svartá, eða halda eftir hálfum veiðihlunnindum Æsustaða. Svo virðist sem prestsetur þetta hefði verið betur staðsett nær kirkjunni en að bæjarbaki, en nú of seint um að sakast.

6. Höskuldsstaðir á Skagaströnd.

Íbúðarhúsið 30 ára, steinsteypt, ein hæð á kjallara og ris, mjög lítið og þróngt. Leiguliði prests býr þó einnig í húsinu og eru þar mjög tilfinnanleg þrengsli. Úti-hús eru gömul og hrörlég og alls ekki viðunanleg lengur. Áhöfn lítil, 10 kýr, 60 ær og nokkur hross. Prestur telur sig hagnast á leigunni, sem er 1500 l mjólkur árlega, enda fylgja í leigunni 3 kýr prests, fóður handa 18 ám og kr. 1.000.00.

I prestakallinu eru yfir 800 íbúar, þar af 600 í Höfðakaupstað, þar er og kirkja, barna- og ungingaskóli o. s. frv. Flutningur prestsetursins þangað er auðsæilega sjálfssagður. Enda telur Páll Jónsson, skólastjóri, og söknarn.maður í Höfðakaupstað flutning prestsetursins ein-lægan, yfirlýstan vilja fólksins á staðnum. (Prestsetur hefur nú, 1965, verið flutt í Höfðakaupstað).

A Höskuldsstöðum vantar nýtt presteturshús og öll úti-hús. Virðist rétt að leigja jörðina og reisa íbúðarhús prests í Höfðakaupstað.

Skagafjarðarprófastsdæmi.

1. Hvammur í Laxárdal.

Íbúðarhús gamalt timburhús, nógum stórt og gott nú, enda presturinn einbúi og ekki kröfuharður. Allar byggingsar aðrar einnig gamlar og raunar mjög fornþálegar, en presturinn er búlaus. Jafnan heyjar hann þó nokkuð og geymir, ef heylaust kynni að verða í sveitinni, en leigir annars nágr. slægjur og beitilönd fyrir lítið sem ekkert. Prestakallið er fámennt, tæpl. 100 sálir, ekki nokkur minnsta bót að flutningi til annars staðar, enda æ strjálbýlla er utar dregur á Skaga. En slæmt er, hve illa er byggt í Hvammi vegna þess, að presturinn getur ekki fengið leiguliða við slíkar aðstæður, þrengsli í lélegu húsi og algeran úti-húsaskort. Ræktun er og lítil og grýtt heldur landið. Verði staðurinn í Hvammi ekki endurreistur eða búinn betur að húsum en nú er, þykir sýnt, að hann fari algerlega í eyði, er núverandi prestur hverfur þaðan. - Göngubrú hefur presturinn byggt á Laxá niðurundan bænum. Áin er vatnsmikil jafnan og illfær í vöxtum. Vað er skammt fyrir neðan göngubrúna, en mjög djúpt og oftast ófært bílum. Framtak prestsins að koma þessari brú á er því mikils virði, enda liggur þjóðvegurinn handan ár og staðurinn algerlega einangraður af ánni.

2. Glaumbær á Langholti.

Íbúðarhúsið til baga lítið, 90 m^2 , reist 1945. Fjós fyrir 12 kýr og 200 kinda fjárhús með hlöðu, nýlegar og góðar byggingar. Auk þess 50 kinda hús úr torfi. Núverandi presti, sem búið hefur vel á jörðinni í 20 ár, finnst búskapurinn gagnsamur en mjög erfiður. Ræktað tún 20 ha og mikil landflæmi, en þó margskipt úr jörðinni handa gömlum hjáleigum. Áhöfn prests er 11 kýr, 3 geldneyti, 186 fjár og 24 hross.

Í prestakallinu eru 420 manns og mest fjölmenni í Varmahlíð og nágrenni. Flutningur prestsetursins óæskilegur, en helzt kæmi Löngumýri til greina, með skipulögðum skóla. En álitamál hvort réttlætanlegt væri að reisa nýtt prestseturshús í Glaumbæ, en svo að presturinn geti leigt jörðina þarf sérstakt íbúðarhús þar fyrir hann, en núverandi prests-

hús fylgdi jörðinni fyrir bónda.

3. Mælifell í Skagafirði.

Íbúðarhús steinsteypt frá 1923, nýlega endurbætt og viðbyggjt eftir brunaskemmdir. Útihús eru af steini og taka um 7 kýr og 100 fjár.

Prestur hefur nytjað jörðina, sem er mikil að víðáttu og um margt óhæg. Tún er mjög lítið og erfitt, en ágangur gegndarlaus á hin miklu beitilönd. Skipt hefur verið úr jörðinni margoft. Búskaparskilyrði eru þó enn nægileg á jörðinni, og byrfti að vísu stórt átak og mikið fjármagn til slíkra hluta. Sjálfur kvað prestur fyrir sitt leyti annað verkefni heppilegra og æskilegra fyrir starf kirkjunnar. Einu hlunnindi þessa prestseturs eru 2. flokks símstöð. - Íbúar alls um 350, enda telur prestur kallið vel samrýmantlegt Glaumbærjarbrauði. Flutningur þess að Löngumýri væri þá augljóslega réttur.

4. Miklibær í Blönduhlið.

Íbúðarhúsið, frá 1947, er fremur lítið, eldhús í kjallara en efri hæð mjög hólfuð sundur í smáherbergi. Þó virðist mega notast við húsið með nokkrum endurbótum á dyrambúnaði og gluggum og herbergjaskipan. Húsið er fráleitt nema fyrir eina litla fjölskyldu. Bóni; sem nú um skeið hefur nytjað jörðina að hluta til og stundum að öllu, býr í gomlu bæjarskrifli á hlaðinu. Er sú aðbúð með öllu ósæmileg og þarf að rífa þessar leifar af gamla bænum til að lagfæra umhverfi prestseturshússins, sem er vægast sagt laklegt. Jörðin er stór og ræktunarmöguleikar gífurlegir, auk þess sem tún er mjög stórt; hrossaganga í fjallinu ákjósanleg. Prestakallið telur innan við 400 manns, og er því nægt tóm fyrir prestinn að sinna nokkrum búskap meðfram, en bein nauðsyn á að hann geti haft með sér bónda á jörðinni. Til þess vantar annað íbúðarhús á staðnum. Bezt sýnist að núverandi hús væri ætlað bónda eða ráðsmanni prestsins, en nýtt hús reist fyrir prestsetur heima á bæjarhlaðinu eða sem næst kirkjunni. Tilfærsla á prestsetrinu kemur alls ekki til greina. - Þá er þess að geta, að útihús staðarins eru svo óvenjulega ósmekkleg og illa staðsett, að þeim verður að víkja úr vegi tafarlaust. Er ástand og útlit Miklabær staðar nú mjög slæmt og er það þeim mun hlálegra sem mesti

umferðarvegur á Norðurlandi liggur um bæjarþorpið. Endurreisn þessa staðar er nauðsynleg, en fyrsti áfangi hennar er að rífa öll útihús og gamla bæinn og lagfæra og prýða allt umhverfi prestseturshúss og kirkju. Síðan þarf að reisa ca 300 kinda fjárhús og hlöðu, hesthús, geymslu og lítið fjós (eða minni fjárhús og 40 kúa fjós) á hentugum stað í túninu. Til þess að hin mikla ræktun og ræktunarmöguleikar jarðarinnar og ný útihús notuðust að fullu, þarf nýtt prestseturshús til að prestur geti haft ráðsmann eða bónda með fjölskyldu með sér að búinu. En skipting jarðarinnar í tvö eða fleiri býli yrði prestinum aðeins til þyngsla og mundi skapa ný vandamál. Loks skal ítrekað, að ekki getur verið um flutning Miklabæjar-prestseturs að ræða.

5. Barð í Fljótum.

Íbúðarhús reist 1947, sama teikning og á Miklabæ. Presturinn fekk því ekki ráðið, að húsið yrði reist við Barðslaug, sem er skammt frá staðnum. Var heita vatnið leitt heim í prestseturhúsið ofanjarðar, en mistókst, svo að einu verulegu hlunnindi Barðsprestseturs, heita vatnið, kom því ekki að gagni, og er húsið hitað upp með olíukyndingu, sem er dýr í kaldri sveit. Heimavistarbarnaskóli er risinn fyrir nokkru við laugina og er það mikill kostur fyrir prestsetrið. Gamla íbúðarhúsinu, sem er frá tíð síra Jónmundar Halldórssonar (1916), hefur verið breytt í hlöðu og við það byggt 8 kúa fjós. Fer það ekki ósnaturlega. Ónnur útihús ekki teljandi. Sauðfjárbúskapur á Barði er óhagkvæmur vegna fannfergis og mikillar innistöðu, en hins vegar oft erfitt að koma frá sér mjólk á vetrum vegna ófærðar. Tún er lítið og ekki allt slétt.

Veiðirétt á Barð í Laxósi og er leigan nú aðeins kr. 4.000.00, en helming þess lætur prestur ganga til bondans á Ökrum, sem gert hefur kröfu í ósinn. Brýn nauðsyn er að skera hér úr, svo að ekki sljóvgist eða fyrnist þau stóku hlunnindi, sem hér geta verið af laxveiði.

Leiga á jörðinni kemur ekki til greina, vegna ytri aðstæðna, enda margar jarðir í sveitinni nú í eyði. Er því ekki unnt að fara fram á miklar framkvæmdir á staðnum, en aðkallandi að gera fullkomna heitavatnslögn úr lauginni heim í prestseturhúsið. Er prestsetrið svo vel sett á Barði sem framast má vera og kemur flutningur ekki til greina.

Eyjafjarðarprófastsdæmi.

1. Vellir í Svarfaðardal.

Ibúðarhús er mjög hrörleg 60 ára gömul timburbygging og baðstofa, miklu eldri. Nýlegt fjós er á jörðinni og rúmar 24 gripi, en áföst hlaða fyrir 350 hesta aðeins. Fjárhús úr torfi með járnþaki, gömul og léleg. Hlunnindi, góð veiðiaðstaða í Svarfaðardalsá, eru fallin undan með landsölu fyrir nokkrum árum. Fóru þar og beztu engjar jarðarinnar, vél-tækar og grasgefnar. Hér er bygging nýs prestseturshúss mjög aðkallandi, en fyrir liggur svohljóðandi safnaðarsamþykkt aðalsafnaðarfundar Upsasóknar: "Aðalsafnaðarfundur Upsasóknar, haldinn 2. okt. 1962, samþykkir að beina þeim tilmælum til sóknarnefndar, að hún nú þegar sækí um til kirkjustjórnarinnar, að prestsetrið í Vallaprestakalli verði flutt til Dalvíkur". - Þess má geta, að á Dalvík búa nær 1000 manns, en 145 í Vallasókn.

Verður nefndin að fallast á flutning prestsetursins.

2. Möðruveiðir í Hörgárdal.

Ibúðarhús stórt, hæð og ris, en sérstök íbúð í kjállara fyrir bónda, ef vill. Húsið er upphaflega reist 1938 eftir bruna á staðnum, en viðbyggt 1951, og þarfnað sem vænta má ýmiss konar lagfæringar, einkum sameiningu smáherbergja í stærri stofur. - 150 kinda fjárhús góð eru á Nunnuhóli, gamalli hjáleigu, með 320 hesta hlöðu. 16 kúa fjós er hins vegar ónýtt og hlaða við það hættuleg vegna dýptar. Sómuleiðis er nú af sér gengið hesthús og geldneytafjós á bæjarhlaði og fór það illa í jarðskjálfta 1963. Presturinn á sjálfur 2/3 í vatnslögn, sem nú er nær eingöngu notuð af bónda á Möðruvöllum II. Bæði fjósin þyrfti að rífa og reisa nýtt, minnst 40 kúa, fjær presteturshúsini. Engjar eru gífurlegt flæmi, vél-tækar og þurrar. Túnstærð nú 24 ha + 3 ha nýrækt, en ræktunarmöguleikar lítt takmarkaðir, bæði mikið mólendi út frá túni og 23 ha framræst myri. - Vetrarbeit er engin notandi, en sumarhagar sauðfjár viðlendir þar sem er öll Hörgárdalsheiði og fram-Hörgárdalur.

Ahöfn prests nú 3 kvígildiskýr og 100 fjár, en engjaslægjur leigðar út sem og mest allt túnið. Bóni fæst ekki á jörðina eingöngu vegna fjósleysis. - Símstöð sveitarinnar

er á prestsetrinu og væri ei svo bindandi, ef fjölskylda bónda væri í húsinu. - Flutningur prestsetursins lítt hugsanlegur, liggur það vel í kallinu, sem telur um 800 manns. Þá hefur komið til orða, að héraðsskóli rísi á staðnum eða í grenndinni, og væri þá nauðsynlegt, að presturinn losnaði við jörðina, a. m. k. við búsumstang, gæti leigt hana bónda. Jörðinni var skipt 1907, og er prestsetrinu enginn stuðningur að því - en sætir hins vegar talsverðum ágangi.

3. Syðra-Laugaland í Grundarþingum.

Löggilt prestsetur 1935. Íbúðarhús stórt, en að miklum hluta gamalt og óhentugt, en bóni býr í því ásamt með presti, sem aldrei hefur rekið bú. Enda virðist slikt ekki hagkvæmt þar sem bæði er á staðnum barnaskóli og húsmæðraskóli, en prestakallið 6 sóknir, um 1000 manns. Sýnist prestur því hafa nóg annað að gera en að reka búskap. Flutningur prestsetursins ekki æskilegur, en selja ætti jörð þessa á leigu og reisa nýtt og hentugra prestseturshús á skemmtilegri stað ofar í landareigninni.

Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

1. Laufás við Eyjafjörð.

Íbúðarhús frá 1937, óinnréttatímur kjallari, hæð í góðu standi en ófrágengin risherberg. - Fjárhús fyrir 100 fjár með hlöðu, allstæðileg. Fjós er gersamlega ónýtt, enda engar kýr á staðnum. Prestur býr með æðimargt fé, en kúgildi Laufáss eru 39 ær. Ársmaður er á staðnum og hefur lengi verið hinn sami, hirðir féð, en er jafnframt bæjarvörður, en gamli bærinn, sem er í umsjá þjóðminjavarnar, hefur verið endurreistur og er þar nú nokkurt safn. Er að honum höfuð prýði. Tún er allstórt og leigt nágr. bón danum á nýbýlinu Áshóli að hálfu. Býli þessu var skipt úr Laufási fyrir fáum árum, standa bæjarhúsin langt frá staðnum, en tún fylgdi ekki. Prestur stundar allmikla kartöflurækt og leigir æðimikil garðlönd. - Hlunnindi eru mikil af veiði í Fnjóská og nokkur dún tekja, en hún hefur minnkað nokkuð undanfarið.

Í prestakallinu eru 600 manns, en aðein 60 í Laufássókn. Eigi að síður er prestsetrið svo vel sett sem verða má og kemur flutningur þess, hvort heldur sem væri að Svalbarði eða Grenivík, alls ekki til mála.

2. Háls í Fnjóskadal.

Íbúðarhús sæmil. gott fyrir eina fjölskyldu, en afleit-lega staðsett. Útihús eru ný, stór og vönduð, fjárhús fyrir 180 og 7 kúa fjós ásamt hlöðum með súgburkun. Prestur hættur (1962) kúabúskap, taldi búið of lítið til að þola að-keypta vinnu og hefur eingöngu fé. Tún er ekki stórt, en hefur nú verið sléttar og girt. Jörðin er lítil, enda hefur verið skipt freklega úr henni. - Prestsetrið er vel sett í sárafámennu kalli (240) og liggur einkar vel við þjónustu til Ljósavatns og Bárðardals, ef samsteypa hefði komið til.

3. Þróoddsstaðarprestakall.

En ekki virðist líklegt, að til samsteypu komi, því að nú er hafin bygging prestseturshúss í ímynduðu nýbýla-hverfi í Ljósavatnssókn, og á það að koma í stað prestseturs-ins á Vatnsenda, sem nú hefur verið selt. Hafa þyrfti eftirlit með, að einu hlunnindi Vatnsenda, silungsveiði á Ljósavatninu, gætu komið hinu nýja prestsetri að einhverju gagni.

Hafði nefndin ekki aðstæður til að skoða smábýli það, sem nú verður prestsetur, en leizt þunglega á allar kringum-stæður, nýbýlahverfi þetta virðist hreint ekki ætla að byggjast og er þá prestsetrið hlálega sett. Fyrst farið var út í byggingu nýs prestseturs í þessu kalli (470 íbúar) virtist nærtækast að fá landspildu heima á Ljósavatni við hlið kirkjunnar. Vatnsendaprestsetrið virðist hafa skárri möguleika en nýbýlið.

4. Grenjaðarstaður í Aðaldal.

Mjög lítið íbúðarhús reist við gamla bæinn 1936, en hefur nú verið stækkað svo, að gott má kalla, plássmikið og að heita má viðunandi skilyrði fyrir kjallaraíbúð handa bónda, ef vill. - Stórbýlisjörðinni Grenjaðarstað var skipt 1930-31 í sex jarðarparta jafn stóra, og á allan hátt þrengt mjög að prestsetrinu. Ræktað land þess er þó einir 10-12 ha og auk þess verið að þurrka 15 ha á hvert býli, sameiginlegt fram-tak í s. n. Þegjandadal. Engi er grasgefið og sumt véltækt. Áhöfn nú 7 kýr og 80 ær. Útihús eru lítil, 8 kúa fjós og 120 kinda hús, hlöðurum aðeins 300 hestar. Hlunnindi í sam-eiginlegum veiðirétti Grenjaðarstaðar, nemur nú 14 þús. árl. Má af því sjá, hve miklar tekjur hafa hétt verið teknar undan

óskertu prestsetrinu. Þá heyra hólmar í Laxá undir prestsetrið, Engey að öllu, Hafursey að hálfu.

I prestakallinu eru 900 manns, flest í Einarssstaðasókn, 350. Ekki er hægt að mæla með flutningi prestsetursins þangað inneftir, að Laugaskóla, enda mjög þéttbýlt kringum prestsetrið á Grenjaðarstað, Laxárþirkjun hið næsta og barnaskólinn við túnfótinn. Og ef skírskotað er til söguhelgi og hefðar er Grenjaðarstaður einn sá allra seinasti staður, sem lagður yrði niður sem prestsetur.

5. Skútustaðir í Mývatnssveit.

Gamla íbúðarhúsið frá 1927 til niðurriðs eins, en þegar hafin bygging nýs prestshúss. Fyrir fáum árum léti presturinn reisa stór og vönduð fjárhús, taka þau 220. Fjós er gamalt fyrir 3-4 gripi. Prestur býr ekki, en leigir jörðina. Skipt hefur verið úr landi prestsetursins og nú aðeins hálflandan eftir, stendur íbúðarhús bóna heima á bæjarhólnum við kirkjuna, en prestsetrinu hefur verið þokað nokkuð burt. Tún er 7 ha og litlir ræktunarmöguleikar, en engjar véltaðar, undir áveitu. Hálfs Miklaey á Mývatni heyrir prestsetrinu, þar er beit og æðarvarp. Not eru og af veiði. Flutningur prestsetursins gæti engan veginn komið til greina, það er prýðilega sett, þar er póst- og símstöð sveitarinnar, sem prestur telur ómissandi tekjuauka. Félagsheimilið er hið næsta og skólinn skammt frá.

Koma þarf í veg fyrir, að skipt verði meira landi út úr prestsetrinu, slægjur má leigja, þegar ekki er búið, en hlunnindi eru til mikils hagræðis.

Norðar-Þingeyjarprófastsdæmi.

1. Skinnastaður í Öxarfirði.

Íbúðarhús nú rúmgott, enda nýlokið viðbyggingu og lagfæringu. ~ Fjárhús eru fyrir 170 fjár með áfastríhlöðu, vel nothæfar byggingar, að mestu eign staðarprestsins. Túnstærð um 12 ha. Jörðin mjög víðáttumikil og landið viði vaxið. Bústærð prests er 160 kindur, 3 kýr, 2 hross og 12 geitur, en geitfólk hefur prestur haft allan sinn langa búskap hér. ~ Prestsetrið er alveg sérstaklega vel sett, en kallið eitt hið viðlendasta, næst Kirkjubæ í Hróarstungu, 4 sóknir, 750 á manntali. Heimavistarbarna-

skóli er rétt við túnfótinn á Skinnastað, þar sem nefnt er í Lundi. - Póst- og símstöð er á prestsetrinu, til ómetanlegs hagræðis, eins og alls staður annars á prestsetrunum, sem hafa þessa þjónustu. Flutningur þessa prestseturs gæti alls ekki hugsaðt.

2. Sauðanes á Langanesi.

Íbúðarhús nýtt, glæsilegt innan og vandað, 163 m², ein hæð. Kjallari 100 m², en ekki innréttatil fulls. Peningshús eru gömul, úr steini og timbri, ekki til fram búðar, nokkrir torfkofar að auki. Á hlaðinu stendur enn gamla presteturshúsið frá 1874 og væri menningarleg nauðsyn að halda því vel við. Þyrfti að veita til þess nokkurt fé. En úтиhúsin þyrfti að rífa vegna slæmrar staðsetningar. Áhöfn er nú 160 fjár, 2 kýr og 2 hross. Þarf prestur að gefa með búinu. Tún er 10 ha, en framræst land 20 ha, ræktunarmöguleikar bókstaflega ótakmarkaðir. En til að prestur geti búið vel á þessari óhemjumiklu jörð þarf aðstöðu þar heima fyrir fjölskyldu bóna jafnframt. Gæði Sauðaness eru ekki öll í landflæminu. Hér er um að ræða mestu hlunnindajörð á landinu. Árleg dúntekja 60-70 kg, reki mikill og mjög arðsamur og tekjur af veiði miklar. - Tekjur Sauðanesprests af hlunnindunum eru svo gífurlegar, þótt vitanlega kosti vinna mikið, að aldrei getur komið til mála að leggja prestsetrið niður og flytja það í Þórshafnar-kauptún eða yfirleitt nokkuð af staðnum. Eins ber að tryggja það, að jörðinni verði ekki skipt. Fái aðrir land úr Sauðanesi koma skjótt kröfur í hlunnindi, og má það aldrei verða, að þau skerðist af manna völdum. Ásókn utanaðkomandi í land prestsetursins er auðsvarað með því að benda á ótakmarkað land eyðijarðanna á Langanesi. "Örskammt er frá Sauðanesi í þéttbýlið á Þórshöfn og er prestsetrið vel sett. En þetta prestakall er illa sett á landinu, þar er sem heild afskipt og veðrátta svöl og þokur tíðar. Veitir því sízt af að hlunnindi prestsetursins dragi að, ella kynni svo að fara, að prestlaust yrði á Sauðanesi tímunum saman, en nágrannabjónusta útilokuð sakir fjarlægðar og oftast ófærra fjallvega.

Hér að framan hefur verið lýst nokkuð skoðunargerð nefndarinnar á hverju einstöku prestsetri.

Almenna heildarniðurstöðu er ekki unnt að draga, þar sem sums staðar er búið vel og jörðin nauðsynleg prestinum um afkomu og verksvið, en annars staðar er bújörð presti beinlinis til kostnaðar og erfiðis og því honum til trafala í starfi. Annars er sýnt, að í fámennustu brauðunum sé búskapur meðfram prestsstarfinu æskilegur og stundum nauðsynlegur, en þar sem fjölmennara er, sé betra fyrir prestinn að losna algerlega við jörðina, nema hún sé gædd þeim mun meiri hlunnindum. Verður það bezt gert með því að flytja prestsetrið í þéttbýlið, þar sem það er, en sums staðar að skólastrum. Þannig leggur nefndin til, að allt að 10 prestetur verði flutt af bújörðinni í kauptún, en að skólastöðum allt að 11. Og þar sem hér yrði létt af kostnaði við um 20 prestsetursjarðir ætti að verða unnt að leggja í auknar nauðsynlegar framkvæmdir á þeim prestsetrum, sem eftir standa á jörðunum. Þannig yrði t. d. aðeins um 2 prestsetursjarðir að ræða í Norður-Múlasýslu í stað 5 nú; 2 á Rangárvöllum í stað 5 og eina í Eyjafjarðarsýslu í stað 3 e. s. frv. Sums staðar háttar svo til, að alls eigi er unnt að flytja prestetur, vegna þess einfaldlega, að enginn annar staður er hentugri, annars staðar er um svo mikil verðmæti að ræða, að alls eigi er réttlætanlegt að leggja niður sum prestetur. Enn eru staðir, sem sakir sögu sinnar og ytra búnings eru hér friðhelgir, þótt annars kæmi flutningur til greina. Loks má nefna að sumir staðir eru mjög ákjósanlega settir og svo vel sem framast er auðið. En einnig eru þeir nokkrir, sem engin úrræði eru um að svo stoddu. - Þá er búskapur all viða með blóma og því vita þarflaust að leita þar nýrra leiða.

Flokka má sveitaprestetrin, sem hér er getið að framan, þannig:

I. Hafa þegar verið flutt.

1. Kirkjubækarklaustursprestur frá Prestbakka.
2. Hvanneyrarprestur frá Hesti.
3. Reykhólaprestur frá Stað á Reykjanesi.
4. Hólavíkurprestur frá Stað í Steingrimsfirði.
5. Bólstaðarhlíðarprestur frá Aesir.

II. Verði flutt í kauptún.

1. Hofsprestsetur til Vopnafjarðar.
2. Desjarmýrarprestsetur að Bakkagerði.
3. Vallanesprestsetur að Egilsstöðum.
4. Bjarnanesprestsetur til Hafnar.
5. Bergþórshvolsprestsetur að Stórólfshvoli.
6. Setbergsprestsetur að Grafarnesi.
7. Holtsprestsetur í Önundarfirði til Flateyrar.
8. Hvítanesprestsetur að Súðavík.
9. Höskuldsstaðaprestsetur til Höfðakaupstaðar.
10. Vallaprestsetur að Dalvík.

III. Verði flutt að skólasetrum.

1. Valþjófsstaðarprestsetur að Hallormsstað.
2. Holtsprestsetur undir Eyjafjöllum að Skógum.
3. Fellsmúlaprestsetur að Laugalandi, Holtum.
4. Skarðsprestsetur í Stóra-Núpsprestakalli að Brautarholti.
5. Mosfellsprestsetur í Grímsnesi að Laugarvatni.
6. Stafholtsprestsetur að Varmalandi.
7. Söðuþoltsprestsetur að Kolviðarneslaug.
8. Prestbakkaprestsetur í Hrútafirði að Reykjaskóla.
9. og
10. Glaumbæjar- og Mælifellsprestsetur að Löngumýri.
11. Syðra-Laugalandsprestsetur að skólanum á staðnum.

IV. Haldist.

a) vegna sögu og helgi:

1. Oddi á Rangárvöllum.
2. Saurbær á Hvalfjarðarströnd.
3. Staðarstaður á Snæfeilssnesi.
4. Rafnseyri við Arnarfjörð.
5. Vatnsfjörður í Djúpi.
6. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal.
7. Grenjaðarstaður í Aðaldal.

b) vegna mikilla hlunninda:

1. Eydalir í Breiðdal.
2. Brjánslækur á Barðaströnd.
3. Árnes á Ströndum.
4. Melstaður í Miðfirði.

5. Steinnes í Þingi.
6. Laufás við Eyjafjörð.
7. Sauðanes á Langanesi.

c) vegna óvenju mikils búskapar:

1. Skeggjastaðir á Langanesströnd.
2. Breiðabólstaður í Fljótshlíð.
3. Reynivellir í Kjós.

d) vegna beztu fáanlegra skilyrða í kalli:

1. Kirkjubær í Hróarstungu.
2. Kálfafellsstaður í Suðursveit.
3. Ásar í Skaftártungu.
4. Hruni í Hreppum.
5. Kvennabrekka í Suðurdöllum.
6. Hvammur í Hvammssveit.
7. Hvoll í Saurbæ.
8. Sauðlauksdalur.
9. Breiðabólstaður í Vesturhópi.
10. Barð í Fljótum.
11. Miklibær í Blönduhlíð.
12. Háls í Fnjóskadal.
13. Skútustaðir í Mývatnssaveit.
14. Skinnastaður í Öxarfirði.

e) vegna góðra og mikilla nýbygginga:

1. Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði.
2. Mosfell í Mosfells sveit.
3. Staður í Súgandafirði.
4. Tjörn á Vatnnesi.

f) vegna úrræðaleysis:

1. Sandfell í Öræfum.
2. Staðarhraun á Mýrum.
3. Breiðabólstaður á Skógarströnd.
4. Hvammur í Laxárdal.
5. Nýbýli í Ljósavatnssókn.

Framanrituð álitsgerð er samin af ritara prestssetra-nefndar, séra Sigurði Stefánssyni, vígslubiskupi á Möðru-völlum. Um skoðunargerð þá, sem í henni felst, er prests-setraneftindin sammála, skoðanir hins vegar skiptar um ályktanir og niðurstöður í ýmsum eftum, sem nefndarmenn munu þá gera frekari grein fyrir.

Hér á eftir fer einkar athyglisverð greinargerð eftir Pál Zóphóniasson, fyrrverandi búnaðarmálastjóra, um búskap á sveitaprestssetrum borinn saman við búskap á meðaljörð í sömu sveit. Samanburðurinn er um aðstæður á árunum 1920 og 1955 til þess að fá samanburð á þróuninni. Er ljóst, að á þeim 10 árum, sem síðan eru liðin, hafa viða orðið nokkrar breytingar á aðstæðum, en þó sýnir skýrslan, sem samin er 1958, ótvírett heildarþróun á þessu tímabili.

Sveitaprestsetrin.

(Yfirlit eftir Pál Zóphóniasson, fyrrv. búnaðarmálastj.)

Formáli.

Að ósk prestssetraneftndar hef ég gert eftirfarandi yfirlit yfir sveitaprestsetrin.

Til samanburðar hef ég tekið meðaljörð í þeim hreppum, sem sveitaprestsetrin eru í, eins og hún var 1920 bæði hvað túnstærð, töðufall, útheyskap og bú snerti. Prestsetrið er tekið á sama hátt, en um túnstærð og bú á því hef ég ekki nákvæmar upplýsingar 1920, og hef því valið að taka árið 1930, sem er 10 árum síðar, en þá má fá tölurnar nákvæmar án svo til nokkurrar fyrirhafnar. Síðan tek ég meðaljörðina í sömu hreppum eins og hún er orðin 1955, bæði hvað túnstærð, töðufall, útheyskap og bústærð snertir, og sést þá ljóst, hvor hefur breytzt meira, og þar með hvernig prestarnir hafa setið jarðir sínar miðað við meðalbóna sveitarinnar. Allar skýrslur um túnstærð eru byggðar á skýrslum Búnaðarfélags Íslands um túnstærðina, en þær eru aftur byggðar á mælingum túnanna, er fram fóru að lögum 1918-1920, og síðan árlega bætt við nýrækt eins og hún hefur verið mæld af trúnaðarmönum Búnaðarfélags Íslands og styrkur veittur út á eftir jarðræktarlögum.

Ekki er öruggt, að túnstærðin sé rétt. Verið getur, að einhver hafi ekki látið mæla gerða nýrækt, vegna fylgijárvæðisins, sem var í lögum nokkur ár. Slikt ætti þó ekki að hafa komið fyrir á jörðum sem ríkið átti. Dá gæti verið, að einhverjir hefðu látið tvímæla sömu nýræktina, þ. e. mælt sama blettinn tvö ár hvort eftir annað og því fengið tvisvar styrk á sama blettinn. Að meðaljörð í hreppnum getur slíkt ekki haft teljandi áhrif, þó slíkt hefði komið fyrir hjá einhverjum bónda, en slíkt gerir prestseturstúnið stærra, þar sem það eitt er borð saman við meðaljörðina í hreppnum. Nýrækt óbylt, það er tún, sem ræktað hefur verið með því eimu að bera á það, hefur ekki

verið styrkhæf nú um árabil og gæti hugsaſt, að einhver prestur hafi stækkað túnið á þann hætt, og það því teljist minna en það raunverulega er. Mælt er, að einn prestur hafi gert slikt, og tún á einu prestsetri því talið minna en það ætti að vera. Heyskapur og bústærð er talið eftir skýrslu hreppstjóra. Þar sem ástæða þykir til að gefa einhverjar aðrar upplýsingar er þess getið, t. d. um hlunnindi, hafi jörð verið í eyði, stofnað nýbýli úr prestsetrinu o. s. frv. Sé þessum reglum ekki fylgt, er þess getið sérstaklega um leið og talað er um viðkomandi hrepp eða prestsetur.

1. Skeggjastaðir í Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

1920 Meðaljörð. Túnstærð 3,3 ha. Taða 92 hestar úthey 94 hestar.

1920 Skeggjastaðir do. 5,3 - - 220 - - 150 -

1955 Meðaljörðin do. 6,1 - - 196 - - 21 -

1955 Skeggjastaðir do. 8,5 - - 320 - - 0 -

Tún meðaljarðarinnar hefur stækkað um 84% en Skeggjastaða um 60%.

1920 var meðalbúið: Nautgripir 3,3 Sauðfé 132 og hross 4,8

1920 - Skeggjastaðabú - 3,0 - 300 - - 10,0

1955 var meðalbúið - 2,1 - 121 - - 1,7

1955 - Skeggjastaðabú - 6,0 - 228 - - 5,0

Degar núverandi prestur kom að Skeggjastöðum, mátti heita, að alit tún jarðarinnar væri þýft, en hann hefur sléttuð það og stækkað og setið jörðina með prýði. Ætti þó að búa á Höfn.

2. Hof í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

1920 Meðaljörð. Túnstærð 3,6 ha. Taða 170 hestar, úthey 170 hestar

1920 Hof. - 12,0 - - 410 - - 400 -

1955 Meðaljörð. - 10,3 - - 453 - - 63 -

1955 Hof. - 12,8 - - 460 - - 91 -

Meðaltún hreppsins hefur stækkað um 186% en Hofstúnið um 6%.

1920 Meðalbú var: Nautgripir 3,6 sauðfé 146 hross 6,2

1920 Hofsþúið - - 8 - 390 - 11,0

1955 Meðalbú - - 3,6 - 234 - 4,0

1955 Hofsþúið - - 6 - 321 - 5,0

Hofi fylgja varphólmar. Varp hefur minnkað mikið.

Túni haldið í góðri rækt. Margir álíta, að Hofsprestur ætti að sitja í Vopnafjarðarþorpi.

3. Hofteigur á Jökuldal í Norður-Múlasýslu.

Þar hefur verið prestlaust lengi. Fyrir nokkru síðan fékk ábuandi vilyrði fyrir nýbýli úr jörðinni, og síðar úrskipt land. Síðan hefur nýbýlið stækkað og nú lítur Hofteigur þannig út á pappírnum.

1920 Meðaljörð. Tún 2,5 ha Taða 67 hestar Úthey 170 hestar

1920 Hofteigur - 5,0 - - 150 - - 450 "

1955 Meðaljörð - 5,2 - - 181 - - 55 -

1955 Hofteigur - 5,0 - - 450 - - 50 -

Bóndinn - 7,8

Sjálfst prestseturstúnið er óbreytt, en hitt tekur fjörkipp um leið og ákveðið er, að það verði sérstakt býli.

Engi jarðarinnar hefur verið leigt að Hvanná.

1920 var búið á meðaljörðinni 3,2 nautgr. 224 sauðfé og 10,4 hross

1920 var búið á Hofteigi 3,0 - 320 - - 8,0 -

1955 var meðalbúið í hreppnum 2,8 - 214 - - 4,3 -

1955 var búið á Hofteigi 3,0 - 400 - - 5,0 -

1955 býr bóndinn á öllum Hofteigi. Trúlega ætti prestur aldrei að koma í Hofteig og prestakallið að skiptast milli Vopnafjarðar- og Kirkjubæjarsókna.

Undan Hofteigi hefur verið lánað landstykki innan við merkin milli Hvannár og Hofteigs. Landið var leigt til 20 ára og mun sá leigutími senn liðinn. Þar mun efni í annað nýbýli.

4. Kirkjubær í Hróarstungu í Norður-Múlasýslu.

1920 Meðalbýli hreppsins Tún 3,2 Taða 88 Úthey 185 hestar.

1920 Kirkjubær - 8,8 - 320 - 40 -

1955 Meðaljörð í hreppnum - 7,1 - 110 - 55 -

1955 Kirkjubær - 8,8 - 320 - 0 -

Meðaltún hreppsins hefur stækkað um 122% en Kirkjubæjar um 0%.

1920 er meðalbú í hreppnum 4,3 nautgripir 122 kindur og 7,0 hross

1920 var búið á Kirkjubæ 5,0 - 191 - - 7,0 -

1955 var meðalbúið 3,0 - 159 - - 2,7 -

1955 var búið á Kirkjubæ 5,0 - 193 - - 5,0 -

Prestur ætti að sitja á Stórabakka og þjóna Eiríksstöðum, Hofteigi, Sleðbrjót og Kirkjubæ. Þar ætti að koma barnaskóli fyrir stærra brauð.

5. Valþjófsstaður í Fljótsdal.

1920 Meðaljörð í hreppnum Tún	4,3	Taða	148	Úthey	146	hestar
1920 Valþjófsstaður	-	10,8	-	400	-	400
1955 Meðaljörð í hreppnum	-	6,4	-	290	-	65
1955 Valþjófsstaður	-	8,8	-	300	-	300

